

# Skólaráð Hörðuvallaskóla

## 5. fundur skólaársins 2016-2017, haldinn 13. desember 2016

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Þórunn Jónasdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Arnar Björnsson, Heiðar Ásberg Atlason, Linda Björk Hilmarsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Alma Ernstdóttir, Anna D. Hermannsdóttir, Sigríður Einarsdóttir.

Fulltrúi nemenda: Guðmundur Hrafn Gunnarsson

Dagskrá og afgreiðslur:

### **1. Skóladagatal 2017-2018**

Fyrri umræða um skóladagatal næsta skólaárs en það á eftir að fara til umfjöllunar kennarafundar og kemur síðan aftur til umræðu og afgreiðslu hjá skólaráði. Þar sem vetrarfrí og starfsdagar eru samræmd hjá skólum Kópavogsbæjar er í raun ekki mikið um að ræða varðandi dagatalið nema þá áherslur varðandi viðtalsdaga, vordaga o.fl. Umræður urðu um skipulag viðtalsdaga, hvort hefðbundið fyrirkomulag á þeim sé að verða úrelt o.s.frv. Ákveðið að taka til umræðu í kennarahópnum, annars engar athugasemdir gerðar við dagatalið en það er sett upp á mjög svipaðan hátt og á þessu skólaári.

### **2. Ytra mat á skólanum á vorönn 2017**

Skólanum hefur borist tilkynning um að hann verði í hópi þeirra skóla sem fara í svokallað ytra mat á vegum ráðuneytis á næsta ári, þ.e. á vorönn 2017. Menntamálastofnun annast framkvæmd matsins og snýr það að þremur þáttum þ.e. stjórnun, námi og kennslu og innra mati. Að auki getur svo skólaráð eða skólanefnd óskað eftir mati á fjórða þætti að eigin vali. Stjórn Foreldrafélags mun taka það mál til umræðu og koma með tillögu.

### **3. Hugvekjur í aðdraganda jóla**

Umræður um fyrirkomulag á hugvekjum í aðdraganda jóla þar sem prestar koma í heimsókn og stýra samstundum en nemendur/foreldrar hafa jafnframt val um aðra kosti. Góð sátt virðist í skólasamfélaginu um þetta fyrirkomulag og skólaráð er sammála um að halda sama fyrirkomulagi áfram.

### **4. Stefnumótunarvinna – staða og framhald**

Skólaþing foreldra fór fram skv. áætlun seint í nóvember, hins vegar frestaðist vinna með kennurum vegna stöðu kjaramála. Áformað er framhald vinnunnar með starfsfólki og nemendum í janúarmánuði.

### **5. Næsta ár – húsnæðismál – stöðuheimildir o.fl.**

Umræður um útlit og horfur í húsnæðismálum skólans. Stjórnendur eru að skoða leiðir til endurskipulags í húsnæðismálum. Á fjárhagsáætlun er nokkur upphæð ætluð til þeirra mála. Fjárhagsáætlun skólans fyrir næsta ár gerir ennfremur ráð fyrir nokkurri aukningu í stjórnun, námsráðgjöf og tölvuumsjón frá og með næsta skólaári. Aukning er á stöðuheimildum í eldhús frá áramótum en það dugar einungis til að komast nær raunverulegri mannaflapörf þar.

Umræður um skólalóðina, ekki er útlit fyrir frekari framkvæmdir við hana á næsta ári nema þá endunýjun leiktækja sem dottið hafa úr notkun, en unnið er að áætlun um framkvæmdir á næstu árum.

### **6. Önnur mál**

a. Frímínútur í Kórnum. Umræður um atvik þar sem nemendum í 8. bekk var vísað út í frímínútum vegna slæmrar umgengni.

b. Gangbrautavarsla. Umræður um þörf á gangbrautarvörslu. Upp kom hugmynd um að virkja nemendur í 10. bekk í málið gegn framlagi frá skólanum í ferðasjóð. Verður skoðað.

c. Mentorfærslur. Spurt um notkun á dagbókarfærslum í mentor og varðveislu þeirra, þ.e. hvort þeim sé eytt. Svarið er að þeim er ekki eytt þó nemendur hverfi úr skólanum en þá eru þær aðeins aðgengilegar stjórnendum. Stjórnendur skoða hvort ástæða sé til að útbúa verklagsreglur um notkun á dagbók.

d. Hugmynd frá nemendum um að hafa „heimavinnutíma“ í lífsleiknitímum unglíngastígs á föstudögum, hálfsmánaðarlega eða mánaðarlega. Verður skoðað.

e. Fyrirspurn um uppsagnir meðal kennara. Ekki er um að ræða uppsagnir kennara í Hörðuvallaskóla vegna kjaramála enn sem komið er.